

98

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um húsaskatt af húsi
30. sept. er frikirkjumenn nota til guðspjónustugjörðar. — Með þóknanlegu brjefi, 21. apríl p. á., hafið þjer, herra sýslumaður, spurst fyrir um það, hvort hús það, er frikirkjumenn í Hólmasókn hafi byggt sjer og nota sem kirkju við guðspjónustu þeirra, sje undanþegið húsaskatti eptir 2. gr. laga um húsaskatt 14. des. 1877.

Fyrir því skal yður hjermeð til vitundar gefið, að ef hið umrædda hús eingöngu er notað til guðspjónustugjörðar og annara kirkjulegra athafna, þá verður það að álítast undanþegið húsaskatti, samkvæmt hinni tilvitnuðu grein húsaskattslaganna.

99

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um endurgjald á veittum sveitarstyrk. — Með þóknanlegu brjefi 9. júlí p. á. hafið þjer, herra amtmáður, skotið undir úrskurð minn ágreiningi, er orðið hefur milli yðar og amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um það, hvar Guðmundur nokkur Jónsson að auknefni Stapi, er andaðist í Skefilsstaðahreppi árið 1880, hafi átt framfærslusveit, og hvaðan þessvegna Skefilsstaðahreppur eigi að fá endurgjald á 130 kr. 47 a., er hann hefur lagt út til framfæris og greptrunar nefndum Guðmundi og ekkju hans Lilju Ólafsdóttur — og eptir að jeg hef gefið amtmanninum yfir suðuramtinu og vesturamtinu tækifæri til að kynna sjer ofan nefnt brjef yðar og þau ný skjöl, er því fylgdu, vil jeg nú tjá yður það, er hjer segir.

Það sem ömtin hefur greint á um í þessu efni er það, hvort Guðmundur Jónsson, sá er hjer er um að ræða, og sem fæddur var í Miklaholtshreppi í Hnappadalssýslu og hafði, eptir því sem frekast sjeð verður, með 5 ára dvöl frá 1837—1842 unnið sjer framfærslurjett í Breiðuvíkurbreppi í Snæfellsnessýslu, hafi síðan orðið sveitlægur í Vindhælishreppi í Húnavatnssýslu þarsem hann dvaldi í 13 ár samfleytt frá 1863—75 að undanskildum 3—4 vikum vorið 1872 eða framan af tíunda dvalarárinu þar, en þessar vikur dvaldi hann á Neðri-Mýrum í Engihlíðarhreppi, og álítið þjer að með þeim hafi slitnað dvöl hans í Vindhælishreppi. Í sálmaregistri Höskuldsstaðaprestakalls er Guðmundur að vísu talinn vinnumaður á Neðri-Mýrum þetta umrædda ár og eptir því einu lægi beinast við að ætla, að hann hafi farið að öllu vistferlum úr Vindhælishreppi þetta ár, þó að svo færi á eptir, að dvöl hans í Engihlíðarhreppi ekki yrði lengri en að ofan er sagt, og að hann sneri svo bráðlega aptur til Vindhælishrepps. En af skýrslu Guðmundar sjálfs og fyrverandi húsbónda hans á Hafursstöðum í Vindhælishreppi, þaðan sem hann fór að Neðri-Mýrum, má sjá, að það var aldrei ætlun hans að vera á Neðri-Mýrum nema að hálfu, en að halda jafnframt áfram dvöl sinni í Vindhælishreppi á þann hátt að vera að hálfu í vist á Hafursstöðum, og þegar þessu er þannig varið, sem engin ástæða er til að efa, gat hin ofan nefnda 3—4 vikna dvöl Guðmundar í Engihlíðarhreppi eigi orðið því til fyrirstöðu, að hann ynni framfærslurjett í Vindhælishreppi.

Samkvæmt þessu vil jeg þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir hreppsnefndina í Vindhælishreppi, sem framfærslusveit ofan nefnds Guðmundar Jónssonar (Stapa) að endurgjalda Skefilsstaðahreppi hinar umræddu 130 kr. 47 a.

100

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um greiðslu
12. okt. kostnaðar af gjafsóknarmáli sem sætt var á. — Með þóknanlegu brjefi, 24. ágúst p.